Ed. **875. Frumvarp**

til laga um lögreglumenn.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, að fengnum tillögum bæjar- eða sveitarstjórnar, að fyrirskipa, að í bæjum (kaupstöðum og kauptúnum), þar sem eru 1000 íbúar eða fleiri, skuli vera allt að tveimur starfandi lögregluþjónum á hverja 1000 íbúa, enda sé lögreglustjóri þar búsettur.

2. gr.

Þar, sem rikisstjórnin gerir slíka ráðstöfun, skal ríkissjóður greiða ⅙ hluta kostnaðar við lögreglu og löggæzlu bæjarins, þó eigi fyrr en að minnsta kosti einn lögregluþjónn kemur á hverja 700 íbúa. ⅙ lögregluliðsins í Reykjavik skal vera sérstök deild og starfa sem lögreglumenn ríkisins á venjulegum tímum.

Í öðrum bæjum ræður ríkisstjórnin yfir starfskröftum lögreglunnar í hlutfalli við framlög, eftir því sem nánar má ákveða með reglugerð. Lögreglumenn ríkisins skulu m. a. starfa að undirbúningi sakamálsrannsókna, eftirliti með umferð á þjóðvegum, útlendingum, áfengislöggjöf og því að halda uppi reglu á mannfundum utan bæjanna.

Ríkisstjórninni er og heimilt að semja við hlutaðeigandi bæjarfélög um, að lögreglumenn rikisins taki að sér störf í þágu bæjarfélaganna gegn endurgjaldi.

3. gr.

Lögreglumenn ríkisins skulu, hvenær sem lögreglustjórar telja þess þörf, aðstoða lögreglulið bæjanna til að halda uppi löggæzlu og reglu, enda séu þeir ekki bundnir við önnur nauðsynjastörf í þágu rikisins.

Ef lögreglustjórar óska, er ríkisstjórninni heimilt að skipa þeim fulltrúa eða yfirlögregluþjón til að stjórna lögreglumönnum ríkisins um stundarsakir eða til langframa.

4. gr.

Lögregluna má ekki nota til þess að hafa önnur afskipti af vinnudeilum en að halda þar eins og annarsstaðar uppi friði og afstýra skemmdum, meiðslum og vandræðum.

5. gr.

Skipshafnir varðskipanna teljast til lögreglumanna ríkisins. Heimilt er ráðherra að ákveða hið sama um tollverði, og eru þeir þá skyldir að inna af hendi störf lögreglumanna.

6. gr.

Þegar sérstaklega stendur á og ráðherra telur nauðsynlegt öryggi bæjar, að lögregluliðið sé aukið meir en segir í 1. gr., getur hann, að fengnum tillögum bæjarstjórnar, bætt við varalögreglumönnum, og greiðir þá ríkissjóður allt að helmingi þess kostnaðar, sem leiðir af aukningunni, en þó ekki hærri fjárhæð en nemur ¼ kostnaðar af hinu reglulega lögregluliði.

7. gr.

Lögreglumenn ríkisins, hvort sem er í föstu starfi eða kvaddir lögreglunni til aðstoðar, eru sýslunarmenn ríkisins og njóta sömu verndar og aðstöðu og þeir menn, er gegna borgaralegri skyldu. Enginn má á neinn hátt tálma því, að maður gegni varalögreglustörfum. Brot gegn þessu ákvæði varða sektum frá 100 til 1000 kr., nema þyngri refsing liggi við að lögum, og skal með mál út af brotum þessum fara sem almenn lögreglumál.

Varalögreglumenn fá þóknun fyrir æfingar og kvaðningar. Lögreglumenn

ríkisins og varalögreglumenn eiga rétt á bótum fyrir meiðsli og tjón, sem þeir verða fyrir vegna starfsins.

8. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að greiða úr ríkissjóði óhjákvæmilegan kostnað samkvæmt lögum þessum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.